

Skorradalshreppur



Breytingar á sorphirðu 2010



**ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ**



Við hugsum áður en við hendum...

- **Græna tunnan** - Endurvinnanlegur úrgangur
- **Gráa tunnan** - Almennit sorp

**Vinsamlegast geymið
handbókina**

Efnisyfirlit

Ávarp oddvita.....	3
Almennar upplýsingar.....	4
Tilgangur og markmið.....	5
Hvers vegna endurvinnsla?	6
Að byrja að flokka.....	7
Lausnir fyrir flokkun.....	8
Sorptunnur í Skorradalshreppi.....	9
Græna tunnan.....	10
Endurvinnanleg hráefni.....	11 - 14
Gráa tunnan.....	14
Jarðgerðarlát.....	15
Móttökustöðvar.....	16
Sorpflokkar á móttökustöð.....	17
Sorphirðudagatal 2010.....	18



Ávarp oddvita

Ágætu íbúar!

Hreppsnefnd Skorradalshrepps hefur samið við Íslenska Gámafélagið um hirðingu sorps í sveitarfélaginu. Tekur sú breyting gildi 1. nóvember 2010

Jafnframt var ákveðið að hvert lögbylí og íbúðarhús, þar sem lögheimili er skráð, fái nú 2 tonnur og flokki sorp í tveggja tunnu kerfi. Leiðbeiningar um flokkunina er að finna á næstu síðum í þessum upplýsingabæklingi, sem fer inn á hvert heimili. Hvet ég til að hann verði vel lesinn og geymdur. Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir að fyrirkomulag sorphirðu á frístundasvæðum hreppsins breytist. Þar verður því áfram tekið við óflokkuðu heimilissorpi, en stefnt að því að skoða möguleika sorpflokkunar

Flokkun sorps og rétt meðhöndlun er leið til að lágmarka urðun og hámarka verðmæti endurvinnanlegs úrgangs, en í honum eru mikil verðmæti fólgin.

Gangi okkur nú vel með flokkunina.

Með kærri kveðju,

Davíð Pétursson, oddviti.



Almennar upplýsingar

Í byrjun nóvember verður grænum og gráum tunnum dreift á öll heimili í Skorradal. Græna tunnan (660L) er fyrir endurvinnanlegt hráefni sem losað verður á fjögurra vikna fresti. Gráa tunnan (240L) er hins vegar fyrir almennt sorp og verður hún losuð á tveggja vikna fresti.

Þjónustan er innifalin í sorpgjöldum sveitarfélagsins og eykur til muna nýtingu á því endurvinnanlega hráefni sem fellur til á heimilum. Í handbókinni eru leiðbeiningar um hvernig haga eigi flokkun í tunnurnar, ásamt öðrum hagnýtum upplýsingum sem tengjast málaflokknum.

Skrifstofa Skorradalshrepps

Grund
311 Borgarnes
Sími 437 0005
Fax 437 0155



Oddviti: Davíð Pétursson
Heimasíða: www.skorradalur.is
Netfang: skorradalur@skorradalur.is

Umsjón með gerð handbókar

Íslenska Gámafélagið ehf.
Gufunesi
112 Reykjavík
Sími: 577 5757
Fax: 577 5758
Skrifstofa og sími eru opin frá 08:00 - 17:00
Um helgar er opið fyrir vaktsíma 840-5757



Heimasíða: <http://www.igf.is>
Netfang: igf@igf.is
Umhverfis- og ráðgjafasvið: umhverfissvid@igf.is

Tilgangur og markmið


Skref til framtíðar

Með handbókinni er leitast við að skipuleggja og skilgreina flokkun sorps í sveitarfélaginu. Með fræðslu um flokkunarmál og sorphirðu er íbúum gert kleift að auka þekkingu og færni í átt til vistvænni vega. Með flokkun er unnt að endurvinnna mikinn hluta sorpsins eins og fram kemur á næstu síðum þessa rits. Með því að flokka sorpið minnkum við rúmmál þess úrgangs sem fer til urðunar auk þess að stuðla að aukinni endurvinnslu t.d. á pappír, pappa, málmum o.fl.

Flokkunarhandbókin er ætluð til að auðvelda íbúum Skorradalshrepps að taka virkan þátt í umhverfismálum.



Hvers vegna endurvinnsla?



Að búa til hringrás hráefna

Markmið endurvinnslu er að búa til hringrás hráefna. Þannig má draga úr frumframleiðslu og minnka álag á auðlindir jarðarinnar. Því til viðbótar dregur úr því magni sorps sem þarf að urða.

Með því að endurvinna getum við nýtt hráefnin aftur og búið til hringrás hráefna. Ef þú flokkar í **Grænu tunnuna** stuðlar þú að aukinni hringrás hráefna og minni auðlindanotkun. Fyrir hvert tonn af pappír sem fer í endurvinnslu sparast um 17 fullvaxin tré.

Árið 2009 sendi Íslenska Gámafélagið frá sér pappír til endurvinnslu sem jafngildir því að fella þyrfti 103.500 fullvaxin tré ef frumvinna þyrfti hráefnin. Á þessum tölum má sjá að til einhvers er að vinna með endurvinnslu, bæði fyrir náttúruna og okkur sjálf.

Að byrja að flokka

Eitt af þeim markmiðum sem hver og einn ætti að setja sér er að minnka umfang sorps og flokka. Hér eru nokkur góð ráð fyrir þá sem eru að hefja sorpflokkun:

- Að velja fjölnota vörur í stað einnota er liður í því að minnka umfang þeirra hluta sem við hendum.
- Að minnka umbúðanotkun eins og kostur er. Hægt er að kaupa stærri umbúðir, hafa þær fjölnota o.s.frv.
- Að endurvinna lífrænan úrgang með moltugerð. Allt að 30 - 35% heimilissorps er lífrænn úrgangur sem má endurvinna með moltugerð og nýta við uppgræðslu og gróðursetningu.
- Rétt er að koma spilliefnum á rétta staði, t.d. með því að skila útrunnum lyfjum til apóteka, skila rafhlöðum á söfnunarstaði og skila öðrum spilliefnum á sorpstöðvar til eyðingar.
- Minnkum pappírslóðið með því að flokka og skila pappír svo hægt sé að endurvinna hann.
- Á undanförunum árum hefur hlutfall pappa sem sendur er til endurvinnslu aukist gífurlega. Af þeim u.þ.b. 17.000 tonnum af pappa sem féll til árið 2009 fóru um 8.160 tonn til endurvinnslu á landinu. Þetta hlutfall má auka enn frekar með aukinni þekkingu íbúa landsins á mikilvægi flokkunar og endurvinnslu.
- Málmlutir frá heimilum eru margvíslegir. Mikilvægt er að endurvinna málma því minnka má rúmmál sorps með því að endurnýta þennan verðmæta flokk.



Endurunnir málmar



Endurunnid plast



Endurunnin dagblöð



Landgræðsla með moltu

Með flokkun má minnka rúmmál þess sorps sem fer til urðunar um allt að 80%.

Lausnir fyrir flokkun

Flokkunarílát

Þegar fólk hyggst hefja flokkun sorps til endurvinnslu geta komið upp vandamál við að finna hentug ílát undir úrganginn. Til að flokkunin verði einföld og þægileg í framkvæmd er gott að hafa ílát við höndina fyrir hvern flokk.



Síðustu misseri hefur úrval af slíkum ílátum fyrir heimili aukist mikið. Íslenska Gámafélagið flytur inn og selur flokkunarílát, en auk þess bjóða flest fyrirtæki sem selja innréttingar í eldhús upp á lausnir fyrir flokkun sorps. Meðfylgjandi myndir eru af lausnum sem hægt er að fá hjá Íslenska Gámafélaginu og IKEA.

Flokkun þarf ekki að vera flókin

Það hráefni sem fer í **Grænu tunnuna** er hreint hráefni, þ.e. laust við matarleifar og annað sem veldur lyktarmengun og því er í lagi að safna því hráefni saman annars staðar en í eldhúsinnréttingunni, sé ekki pláss þar.



Meðfylgjandi myndir af flokkunarkössum frá IKEA og Íslenska Gámafélaginu geta gefið hugmyndir um hvernig geyma má flokkana sem fara í **Grænu tunnuna**.



Einfalt er að hafa glæra poka í kössunum og því er þægilegt og hreinlegt að taka pokann úr, binda fyrir og setja í **Grænu tunnuna**. Ílátum sem þessum má koma fyrir í þvottahúsum, geymslum eða bílskúrum.

Hugmyndir að ílátum er hægt að finna á <http://fenur.is/user/pictures/0/43/49/>

Sorptunnur í Skorradal



Staðsetning

Æskilegt er að sorplát sé staðsett við framanvert hús eða í sorpgeymslum og gæta þarf þess að aðgengi við losun sé sem best. Íbúar eru hvattir til að taka tillit til leiðbeininga Brunamálastofnunar nr. 84.BR2 um staðsetningu sorpláta úr plasti. Leiðbeiningarnar má finna á heimasíðu Brunamálastofnunar undir slóðinni <http://www.brunamal.is/brunamalastofnun/forsida/gagnasafn/leidbeiningar/byggingasvid/>.



Frágangur

Hafa verður í huga, þegar gengið er frá sorpláti við heimahús, að aðgengi að sorpláti sé í lagi og auðvelt sé að fara með það til losunar. Íbúum er skylt að moka snjó frá sorpláti. Festingar á tunnum skulu vera þannig að auðvelt sé að losa þær og ganga frá þeim aftur. Tunnur sem bundnar eru með bandspottum verða ekki bundnar aftur eftir losun.



Yfirfullar tunnur

Ílát skulu ekki fyllt meira en svo að þeim sé hægt að loka. Yfirfullar tunnur geta valdið vandræðum þegar þær eru losaðar og sóðaskap ef vargfugl kemst í ruslið. Yfirfullar tunnur verða ekki losaðar og er íbúum bent á söfnunarstöðvar þegar losa þarf meira magn úrgangs en rúmast í heimilistunnunni.

Of lítill ílát?

Á sorphirðudagatali sveitarfélagsins má sjá hvenær tunnur eru losaðar. Ef íbúar þurfa að losa sig við meiri úrgang en kemst fyrir í tunnunum er hægt að skila flokkuðu sorpi á gámasvæði.



Endurvinnanlegt sorp - Græna tunnan



Skorradalshreppur útvegar öllum íbúum sveitarfélagsins 660 L Græna tunnu undir þann hluta heimilissorpsins sem er endurvinnanlegur.

Mikilvægt er að gengið sé frá hráefninu samkvæmt meðfylgjandi leiðbeiningum, annars er hætt við að hráefnið verði óhæft til endurvinnslu og endi í urðun.

Nánari útskýringar á því sorpi sem fer í Grænu tunnuna er að finna í næstu köflum og á www.flokkarinn.is.

Það sem fer í Grænu tunnuna er eftirfarandi:



Dagblöð	—	Beint í tunnuna
Tímarit	—	Beint í tunnuna
Bæklingar	—	Beint í tunnuna
Skrifstofupappír	—	Beint í tunnuna
Bylgjupappi	—	Beint í tunnuna
Fernur/Sléttur pappi	—	Í glærum poka*
Plastumbúðir	—	Í glærum poka
Minni málmhlutir	—	Í glærum poka

Hreinsið umbúðir vel og skolið fernur



- ATH -

Raflöður og gler má ekki setja í Grænu tunnuna.

* Sé t.d. ferna fyllt með samanbrotnum fernum/sléttum pappa má spara pokann og setja þær beint í tunnuna.

Með því að flokka heimilissorp minnkar þú rúmmál þess sorps sem þarf að urða. Það sparar landrými á urðunarstöðum umtalsvert. Á norðurlöðum er sérstaklega nauðsynlegt að minnka sem mest úrgang en niðurbrot er afar hægt við aðstæður eins og t.d. fyrirfinnast á Íslandi. Einnig er vert að líta til þess hversu miklu munar í orkusparnaði, efniskostnaði o.fl. þáttum í endurvinnslu, t.d. á málmum og pappír. Með því að flokka sorp leggur þú þitt af mörkum. Þannig getum við skilað landinu hreinu og fallegu til komandi kynslóða.

Endurvinnanlegt sorp - Græna tunnan



Plastumbúðir

Mikið fellur til af allskyns plastumbúðum á heimilum sem geta verið mjög fyrirferðarmiklar. Stór hluti allra plastumbúða er endurvinnanlegur, en merki á botni umbúðanna segir til um hvort um endurvinnanlegt plast sé að ræða. Allar plastumbúðir sem bera eftirfarandi númer eru endurvinnanlegar og mega því fara í **Grænu tunnuna**:

Í glærum poka



Þessum flokki tilheyra t.d. **sjampóbrúsar, tómatsósufloskur, ýmsir plastbakkar undan matvörum, plastílát undan mjólkurdrykkjum, hreinsiefnum o.fl.** Einnig tilheyra flokknum allir pokar úr mjúku plasti.



Þessi flokkur má fara saman í glærum poka í **Grænu tunnuna**. Umbúðirnar þurfa að vera tómar og án allra aðskotahluta, s.s. matar- eða efnaleifa (límmiða þarf ekki að taka af). Umbúðir sem eru að hluta úr plasti og að hluta úr öðru efnum fara í almennt sorp nema hægt sé að aðskilja efnin, en þá er þeim skilað hverju fyrir sig í sinn flokk.



Athugið! Frauðplast og ómerkt plastílát eru ekki endurvinnanleg. Það flokkast sem almennt sorp og má því ekki fara í Grænu tunnuna og þarf því að fara með almennu sorpi.

Hvernig er plast endurunnið?

Mismunandi plasttegundir eru flokkaðar hver frá annarri, efnið er mulið og nýtt til plastframleiðslu á nýjan leik. Afurðir úr endurunnum plastumbúðum eru m.a. rör, bílahlutir og tunnur.



Endurvinnanlegt sorp - Græna tunnana



Bylgjupappi

Í þennan flokk má setja allan bylgjupappa, t.d. pappakassa og pizzukassa. **Bylgjupappa er hægt að þekkja af bylgjum sem sjást ef brúnir hans eru skoðaðar.** Það er í lagi að bylgjupappinn sé áprentaður, plasthúðaður og litsterkur. Bylgjupappinn verður að vera laus við matarleifar og aðra aðskotahluti.

Beint í tunnuna

ATH - Allur annar pappi, t.d. morgunkornspakkar, skókassar, eggjabakkar, fernur og ýmsar umbúðir undan matvælum, fara ekki með bylgjupappa. Þær umbúðir eru úr sléttum pappa (sjá næsta kafla).

Bylgjupappa má setja beint í **Grænu tunnuna**.



Úr endurunnum bylgjupappa er framleiddur nýr bylgjupappi.

Það má endurvinna pappakassa allt að sjö sinnum.

Fernur og sléttur pappi

Í glærum poka/fernur í fernu

Töluvert magn af fernum og umbúðum úr sléttum pappa falla til á flestum heimilum. **Þetta eru umbúðir utan af morgunkorni, ýmsum skyndiréttum, kexi, þvottefni og ýmsum öðrum vörum.** Slíkar umbúðir eru fljótár að fylla hjá okkur ruslaföturnar enda oft plássfrekar.



Það má flokka allar umbúðir úr sléttum pappa í einn flokk og setja t.d. fernur, morgunkornspakka og aðrar slíkar umbúðir úr pappír eða kartoni í **Grænu tunnuna**. Hráefnið þarf hins vegar að vera ómengað af öðrum efnum til þess að hægt sé að endurvinna það.

Endurvinnanlegt sorp - Græna tunnan

Þess vegna er mikilvægt að fjarlægja allar matarleifar og plastumbúðir sem kunna að vera innan í umbúðum. Fernur er æskilegt að skola til að forðast lykt og brjóta svo allar umbúðir saman svo þær taki minna pláss.



ATH! Fernur með áfastri ál- eða plasthúð eru einnig endurvinnanlegar.

Séu fernur brotnar saman hver ofan í aðra má setja þær beint í Grænu tunnuna! Munið að skola þær....



Dagblöð, tímarit og skrifstofupappír

Dagblöð, tímarit og annan prentpappír ætti aldrei að setja með almennu sorpi. Dagblöð og tímarit eru ekki rusl heldur endurvinnanlegt hráefni. Íslenska Gámafélagið meðhöndlar þetta hráefni á svipaðan hátt og pappann hér að framan og er það flutt erlendis til endurvinnslu.



Beint í tunnuna



Þennan flokk má setja beint í **Grænu tunnuna**. Honum tilheyrir; dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, skrifstofupappír og stílabækur.

Að endurvinna pappír er mjög umhverfisvænt. Fyrir hvert tonn af pappír sem settur er í endurvinnslu sparast allt að 3m³ í landfyllingu. Einnig sparast um 17 tré fyrir hvert tonn af pappír sem er enduruninn og um helmingur þeirrar orku sem þarf til að frumvinna pappírinn.

Vörur sem við fáum úr endurunnum pappír:
Dagblaðapappír, klósettpappír, eldhúspappír og eggjabakkar.



Endurvinnanlegt sorp - Græna tunnan



Málmur og brotamálmur

Málmhlutir

Margs konar smáhlutir úr málmum falla til á heimilum, t.d. niðursuðudósir, álpappír, málmur utan um sprittkerti og málmlok af krukum o.fl. Alla þessa smáu málmhluti má setja í **Grænu tunnuna**.

Niðursuðudósir skal skola áður en þeim er skilað til endurvinnslu og álpappír og umbúðir skulu vera án matarleifa. Þessir málmhlutir fara í glærum plastpokum í **Grænu tunnuna**.



Í glærum poka

Málmur ætti ekki að fara með almennu sorpi þar sem um er að ræða verðmætt hráefni. Stærri málmhlutum má skila í gáma á móttökustöðinni Sólbakka í Borgarnesi.

Hvað er gert við hráefnið?

Málmur er fluttur til brotamálmfyrirtækja þar sem hann er flokkaður og pressaður og því næst fluttur út til bræðslu og endurvinnslu.

Við endurvinnslu á áli eru aðeins notuð 5% af þeirri orku sem annars þyrfti til framleiðslu á áli.




Almennt heimilissorp

Almennt sorp - Gráa tunnan

Það sorp sem ekki er endurvinnanlegt flokkast sem almennt sorp. Dæmi um almennt sorp frá heimilum er t.d. gler, bleiur, umbúðir úr blönduðu hráefni (t.d. plastumbúðir með álfilmu sem ekki er hægt að skilja frá s.s. kaffipakkar, snakkpokar og ýmsir kexpakkar), umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa o.fl.

Almennt heimilissorp er sett í **Gráu tunnuna** sem losuð er á tveggja vikna fresti. Nákvæmar dagsetningar má finna á sorphirðudagatali aftar í þessu riti, á heimasíðu Skorradalshrepps og á www.flokkarinn.is.

Innihald Gráu tunnunnar er eina sorpið sem fer til urðunar. Tilgangur verkefnisins er m.a. að draga úr magni þessa flokks.



Lífrænn úrgangur - þinn eigin áburður!

Lífrænan heimilísúrgang s.s. matarleifar, hýði af ávöxtum og grænmeti, kaffikorg, eldhúspappír o.þ.h. er hægt að jarðgera. Afurðin er næringarrík molta sem nýtist sem ákjósanlegur jarðvegsbætir í garðinn.



Hægt er að draga enn frekar úr magni þess sorps sem fer í Gráu tunnuna og þar með í urðun með því að jarðgera lífrænan úrgang. Þessi hluti sorpsins er um um 30 - 35% af heildarmagni sorps sem kemur frá heimilum.

Íslenska Gámafélagið býður íbúum Skorradalshrepps jarðgerðarílát á sérstökum afslætti í tilefni verkefnisins. Þannig geta íbúar dregið enn frekar úr urðun og stundað heimajarðgerð á lífrænum úrgangi.



Með því að jarðgera lífrænan úrgang minnkar heimilissorpið um 30—35%

Jarðgerðarílát - Hvað er hægt að jarðgera?

Í jarðgerðarílátið má setja lífrænan úrgang sem til fellur í eldhúsinu s.s. flesta matarafanga, brauð, kaffikorg, tepoka, eldhúspappír,



eggjabakka úr pappír o.þ.h. auk þeirra lífrænu efna sem til falla í garðinum eins og til dæmis gras, greinar og afklippur plantna.

Nánari upplýsingar um heimajarðgerð og hvernig standa skal að henni má fræðast um á flokkarinn.is eða hjá Íslenska

Hugsum áður en við hendum...



Móttökustöðvar

Íbúar Skorradalshrepps geta losað sig við meira af sorpi en rúmast í heimilistunnunum. Á Mófellsstöðum eru gámar fyrir járn og timbur en aðra flokka er hægt að fara með á móttökustöðina við Sólbakka í Borgarnesi.

Móttökustöðin í Borgarnesi er opin frá kl. 14-18 alla daga nema sunnudaga. Þar er tekið á móti mismunandi úrgangsflokkum sem sjá má á næstu síðu. Frekari upplýsingar um móttökustöðina er að finna á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is.

Reglur móttökustöðvar

Fyrirtæki greiða fyrir losun á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá. Almennur notar þessar stöðvar endurgjaldslaust þegar komið er með almennan heimilisérgang. Það sem hins vegar flokkast ekki undir daglegan heimilisrekstur og almenningur þarf að greiða fyrir er t.d.

- Úrgangur frá byggingu eða breytingu íbúðahúsnaðis og lóða, t.d. innréttingar, gólfefni, múrbrot og þessháttar.
- Úrgangur frá bifreiðaviðgerðum
- Úrgangur vegna húsdýrahalds

Úrgangur skal vera vel flokkaður og umfangsminnkaður eins og þess er kostur. Góð flokkun og umfangsminnkun leiðir til lægra verðs. Reglur geta breyst í takt við samþykktir sveitarfélagsins.

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 577-5757



Sorpflokkar á móttökustöð

Á móttökustöðinni við Sólbakka verður tekið á móti eftirfarandi flokkum. Hafa þer í huga að flokka ætti úrganginn áður en komið er á móttökustöð.



Almennt heimilissorp



Grófur úrgangur



Sléttur pappi



Fernur



Dagblöð og tímarit



Föt og klæði



Skór



Gler, postulín og flísar



Hjólbarðar



Bylgjupappi



Rafeindatæki



Rúllubaggplast



Garðaúrgangur



Málað timbur




Ómálað timbur



Málmar og brotamálmar



Plast



Rafgeymar



Rafhliður



Spilliefni

Sorphirðudagatal 2010

Losun heimilissorps í Skorradal fer fram á eftirfarandi dögum:

Nóvember						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

Desember						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

Dagatalið sýnir losunardaga á hverri tunnu fyrir sig.

Græna tunnan verður losuð á fjögurra vikna fresti en **Gráa tunnan** á tveggja vikna fresti.



Ath! Losunardagar geta hliðrast vegna veðurs og annarra óviðráðanlegra orsaka.





- fræðslusíða um endurvinnslumál



...vissir þú að endurvinnsla áls þarfnast einungis 5% þeirrar orku sem þarf við frumvinnslu áls !

...vissir þú að fyrir hvert tonn af pappír sem er endurunnið sparast 17 tré !



...vissir þú að það krefst 60% minni orku að endurvinna pappír en að frumvinna hann!

...vissir þú að endurvinnsla á einni áldós sparar rafmagn sem dugar fyrir sjónvarp í allt að 3 klukkustundir !



...Vissir þú að 30-35% af sorpi heimilisins er lífrænn úrgangur sem hægt er að endurvinna?

Flokkarinn.is

© Umhverfissvið Íslenska Gámafélagsins

FLOKKUNARTAFLA

GRÆNA TUNNAN

Flokkur	Hvað tilheyrir flokknum	Frágangur
 <p>Bylgjupappi</p>	<p>Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pízzukassar.</p>	<p>Best að leggja saman pappakassa til að minnka rúmmál. Má fara beint í Grænu tunnuna, án umbúða.</p>
 <p>Dagblöð/tímarit</p>	<p>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar prentpappír.</p>	<p>Beint í Grænu tunnuna, án umbúða.</p>
 <p>Femur/sléttur pappi</p>	<p>Femur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappírslúllum.</p>	<p>Fjarlægja matarleifar og skola femur. Fer í Grænu tunnuna í glærum plastpoka eða í t.d. fernu sem fyllt er með mörgum fernum.</p>
 <p>Plast</p>	 <p>Allar plastumbúðir með þessum merkingum.</p> <p>EKKI FRAUÐPLAST</p>	<p>Fjarlægja matar- og efnaleifar. Fer í Grænu tunnuna í glærum plastpoka.</p>
 <p>Málmar</p>	<p>Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krukkulok og sprittkertakoppar.</p>	<p>Fjarlægja matarleifar. Fer í Grænu tunnuna í glærum plastpoka.</p>

Óendurvinnanlegur úrgangur fer í **Gráu tunnuna**. Dæmi: Gler, ryksugupokar, bleiur, frauðplast, umbúðir úr blönduðu hráefni, umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa o.fl.